

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

17. tbl., 7. árg., 8. desember 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Léttvatnsslökkvitæki á heimili

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hvetur til þess að heimilin í sveitarfélaginu séu alltaf búin góðum eldvarnabúnaði.

Það nýjasta í þeim efnum eru **léttvatnsslökkvitæki** sem nota má á allan eld (nema gas-eld) og leysir þannig af hólmi bæði duftslökkvitæki og vatnsslökkvitæki.

Samið hefur verið við Eldvarnamiðstöð Norðurlands ehf., Helga Jóhannsson, um verulegan afslátt af **léttvatnsslökkvitækjum** fyrir heimilin í sveitarfélaginu. Til viðbótar við afsláttinn kemur svo niðurgreiðsla frá Hörgárbyggð.

Með þessu móti getur hvert heimili í Hörgárbyggð fengið eitt gott **léttvatnsslökkvitæki** hjá Helga á **aðeins 5.000 kr.** Pöntunarsími er 862 6886. Allur annar eldvarnabúnaður, t.d. reykskynjarar og eldvarnarteppi, fæst líka á góðu verði hjá Helga.

Niðurgreiðsla sveitarfélagsins á léttvatnsslökkvitækjunum **gildir aðeins til næstu áramóta** svo að mikilvægt er að ganga frá þessu máli sem fyrst.

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 109 5. desember 2007

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2007, endurskoðun

Lögð fram tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu Hörgárbyggðar fyrir árið 2007. Skv. henni er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki um kr. 18.981.000 og heildarrekstrargjöld (nettó) hækki um kr. 12.270.000 frá gildandi áætlun ársins. Sveitarstjórn samþykkti endurskoðaða tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008, fyrri umræða

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu Hörgárbyggðar fyrir árið 2008.

3. Sparisjóður Norðlendinga, stofnfjárútboð

Lagt fram eyðublað fyrir áskrift að viðbótarstofnfé í Sparisjóði Norðlendinga að fjárhæð kr. 27.319.130, sbr. 19. lið fundargerðar sveitarstjórnar 21. nóv. 2007 og 9. lið fundargerðar 17. okt. 2007. Einnig voru lagðar fram upplýsingar um lánskjör sem Glitnir banki mun veita stofnfjáraðilum til að fjármagna umrætt viðbótarstofnfé. Sveitarstjórn samþykkti að leggja fram viðbótarstofnfé í Sparisjóð Norðlendinga að fjárhæð kr. 27.319.130 að kaupverði, til að verja eign sveitarsjóðs í Sparisjóði Norðlendinga vegna samruna hans við Byr sparisjóð. Sveitarstjórn samþykkti að veita sveitarstjóra umboð til að taka lán 100% í erlendri mynt hjá Glitni banki hf. að fjárhæð allt að kr. 27.319.130 til að fjármagna viðbótarstofnféð, auk lántökukostnaðar.

4. Álfasteinn, starfshlutföll

Lögð fram greinargerð leikskólastjóra um starfsmannahald á Álfasteini, sbr. 2. lið í fundargerð leikskólanefndar 19. nóv. 2007. Skv. greinargerðinni eru þar nú 5,61 stöðugildi, en fram kom á fundinum að þau eru í raun 5,65.

Sveitarstjórn samþykkti að allar breytingar á heildarfjólða stöðugilda í Álfasteini skuli framvegis háðar afgreiðslu sveitarstjórnar. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að staða leikskólastjóra verði 75% frá 1. sept. 2007.

5. Álfasteinn, dvalarsamningseyðublað

Lögð fram drög að eyðublaði fyrir dvalarsamning á Álfasteini, sbr. 1. lið í fundargerð leikskólanefndar 19. nóv. 2007. Sveitarstjórn fór yfir drögin og voru þau síðan samþykkt með smávegis breytingum.

6. Aðalskipulagsgerð, fyrirspurn Skipulagsstofnunar

Bréf, dags. 15. nóv. 2007, frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir upplýsingum um stöðu aðalskipulagsgerðar fyrir Hörgárbyggð. Sveitarstjóra var falið að svara bréfitara um efnislega stöðu málsins.

7. Óbyggðanefnd, þjóðlendumál

Bréf, dags. 26. nóv. 2007, frá Óbyggðanefnd, þar sem greint er frá því að frestur fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á svæðinu frá Fnjóská að Blöndu renni út 31. des. nk. Í bréfinu kemur m.a. fram að viðkomandi sveitarfélög hafi aðstoðað við að samræma hagsmunagæslu vegna slíkra mála. Sveitarstjóra falið að fylgjast með málinu og eiga samstarf, eftir atvikum, við önnur sveitarfélög á svæðinu.

8. Stígamót, styrkbeiðni

Bréf, dags. 15. nóv. 2007, frá Stígamótum þar sem óskað eftir fjárstuðningi á árinu 2008. Sveitarstjórn samþykkti að veita Stígamótum kr. 25.000 í styrk.

9. UMFÍ, uppbygging íþróttamannvirkja

Bréf, dags. 14. nóv. 2007, frá Ungmennafélagi Íslands, þar sem gerð er grein fyrir samþykkt sambandsþings um mikla uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Lagt fram til kynningar.

10. Þriggja fasa rafmagn, fyrirsögn

Bréf, dags. 20. nóv. 2007, frá iðnaðarráðuneytinu, þar sem óskað eftir upplýsingum um hvar sé brýnst þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að skoða þessi mál og svara bréfitara.

11. Samráðsvettvangur minni sveitarfélaga

Bréf, ódags., frá Grími Atlasyni og Ómari Jónssyni, þar sem boðað er til samráðsfundar framkvæmdastjóra minni sveitarfélaga þann 17. des. 2007.

Sveitarstjóra falið að sækja nefndan fund fyrir hönd Hörgárbyggðar.

12. Innkaupareglur Hörgárbyggðar

Tölvubréf, dags. 21. nóv. 2007, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um innkaupareglur sveitarfélaga og fyrirmynd að slíkum reglum. Í bréfinu kemur fram að sveitarfélög skulu hafa sett sér innkaupareglur fyrir lok ársins.

Sveitarstjóra falið að gera drög að innkaupareglum fyrir Hörgárbyggð og leggja fyrir næsta fund.

13. Eldvarnir á heimilum

Á síðasta fundi sveitarstjórnar (sjá 22. lið) var frestað afgreiðslu á tilboði frá Eldvarnamiðstöð Norðurlands ehf. á slökkvitækjum fyrir heimili.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn hvetur íbúa sveitarfélagsins til að hafa alltaf góðan eldvarnabúnað í híbýlum sínum og samþykkir 1.500 kr. niðurgreiðslu við kaup á einu léttvatnsslökkvitæki á hvert heimili í sveitarfélaginu miðað við kaup á þessu ári.

14. Lánasjóður sveitarfélaga, fasteignafélag sveitarfélaga

Bréf, dags. 28. nóv. 2007, frá Lánasjóði sveitarfélaga um kostnað við athugun á stofnun fasteignafélags um hönnun, byggingu og rekstur fasteigna sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

15. Sjúkrahúsið á Akureyri, ársfundur 2007

Bréf, dags. 30. nóv. 2007, frá Sjúkrahúsinu á Akureyri þar sem boðin er þátttaka á ársfund Sjúkrahússins, sem verður 14. desember 2007 kl. 13:30, en þar á að vígja þrjár nýjar hæðir að því tilefni. Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að mæta á ársfund sjúkrahússins.

16. Fundargerð héraðsnefndar, 14. nóv. 2007

Fundargerðin er í ellefu liðum. Í 10. lið hennar koma fram samþykktir um stofnun tveggja nefnda, þ.e. framhaldsskólanefndar (vegna stofnunar framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð) og starfshóps um almenningssamgöngur. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Fundargerð stjórnar Eypings, 19. nóv. 2007

Fundargerðin er í átta liðum og er hún lögð fram til kynningar.

18. Hörgárdalsvegur, reiðleið

Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir því við Vegagerðina að gert verði ráð fyrir reiðleið meðfram nýjum Hörgárdalsvegi nr. 815.

19. Bréf Þórodds Sveinssonar dags. 6. sept. og tölvubréf dags 4. des. 2007

Sveitarstjórn samþykkir að ekki sé um gangnarof að ræða í þessu tilviki og fellst því á, að þessu sinni, að falla frá álagi á álögd dagsverk. Sveitarstjóra og fjallskilastjóra er falið að svara bréfitara.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 19. des. 2007

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 17. des. og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu Hörgárbyggðar var á fundi sveitarstjórnar 5. des. sl. Þar er gert ráð fyrir að stærsta verkefni sveitarfélagsins á árinu verði endurbætur á sundlauginni á Þelamörk. Aðrar framkvæmdir verða væntanlega framhald á gatnagerð við Lækjarvelli og endurbótum í Hlíðarbæ. Síðan er gert ráð fyrir að rotþró Skógarhlíðarhverfis verði endurbætt með sérstökum hreinsibúnaði. Loks má nefna að talsverðum fjárhæðum verður varið í frágang kringum nýbyggingu leikskólans og í kringum Birkihlíð.

Seinni umræða um fjárhagsáætlunina verður 19. des. nk. og þá munu þessi mál skýrast nánar.

Aðalskipulag Hörgárbyggðar

Frágangur á lokadrögum að tillögu að aðalskipulagi Hörgárbyggðar hefur dregist um nokkrar vikur af ýmsum ástæðum, en nú er þau komin til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun. Þau hafa líka verið til annarra lögformlegra umsagnaraðila, sem eru Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Fornleifavernd ríkisins, landbúnaðaráðuneytið, Vegagerðin, Siglingastofnun Íslands, Flugmálastjórn, Skipulagsnefnd kirkjugarða og nágrennasveitarfélögin. Þau hafa líka verið send til Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Norðurlandsskóga og Landsnets.

Endanleg tillaga að aðalskipulaginu verður svo lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn eftir áramótin, kynnt á íbúafundi og síðan formlega auglýst eftir athugasemdum, eins og lög gera ráð fyrir. Nánar um það síðar.

Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er 10. desember 2007. Minnt er á að vanda frágang plastsins, svo að meðhöndlun þess og endurvinnsla gangi sem best.

Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21 (www.samband.is/Dagskra21)

Á þessu ári hefur meira en einn milljarður trjáa verið gróðursettur í heiminum til að vinna gegn eyðingu skóga og loftslagsbreytingum. Þar munar mestu um 700 milljón tré sem hafa verið gróðursett í Eþíópíu.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 29. nóv. 2007)